



Selfossi 2.febrúar 2022

## Fundargerð stjórnar

\*\*\*\*\*

**21. fundur stjórnar *Brunavarna Árnæssýslu* haldinn miðvikudaginn 2. febrúar 2022, kl. 8.15 í Björgunarmiðstöðinni á Selfossi og í fjarfundi.**

**Mætt: Eypór H. Ólafsson, formaður, Gísli Halldór Halldórsson, Skafti Bjarnason, Halldóra Hjörleifsdóttir, Arna Ír Gunnarsdóttir, Pétur Pétursson, Lárus Kristinn Guðmundsson og Unna Björg Ögmundsdóttir sem ritaði fundargerð.**

**Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund kl. 8.15.**

### **1. Breytingar á kjarasamningum slökkviliðsmanna**

Pétur sagði frá þeim breytingum sem urðu á kjarasamningi Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna og Sambands íslenskra sveitarfélaga nú um áramót. Þá féll kaflinn um hlutastarfandi slökkviliðsmenn út sem hefur m.a. þau áhrif að allir slökkviliðsmenn sem standast þrekróf fá greitt mánaðarlega kr 18.094.- auk launatengdra gjalda. Þetta felur í sér talsverðan kostnaðarauka fyrir B.A. Umræður um reykköfunarálag og aðrar breytingar í kjarasamningnum, t.d. varðandi boðtæki.

### **2. Nýr stigabíll**

Nýi stigabíllinn er tilbúinn og kominn til landsins. Hann verður vonandi afhentur í næstu viku. Lárus sagði frá ferlinu sem er búið að vera í kringum bílinn, sýndi myndir frá verksmiðjunni og sagði frá virkni bílsins.

### **3. Útboð á nýjum dælubíl**

Lárus sagði frá vinnu við útboð á nýjum dælubíl fyrir Hveragerði sem nú stendur yfir með Ríkiskaupum og fleiri slökkviliðum. Útboðið er farið af stað og er frestur til 1.mars til að skila inn tilboðum.

### **4. Úttekt HMS á Brunavörnum Árnæssýslu**

Pétur kynnti skýrslu Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar á úttekt á Brunavörnum Árnæssýslu sem fram fór í lok árs 2021. Brunavarnir Árnæssýslu komu mjög vel út varðandi allt nema húsnæðismál. Umræður um úttektina og niðurstöðurnar. Stjórn felur slökkvistjóra að vinna að umbótaáætlun og senda athugasemdir á sveitarfélögin.

**5. Slökkvistöðvarmál á Flúðum**

Pétur ræddi slökkvistöðvarmál á Flúðum sem þarf að fara að komast skriður á. Pétri falið að halda áfram að skoða lausnir á málinu og fá Lex lögmansstofu til að vinna áfram að málinu.

**6. Slökkvistöðvarmál á Laugarvatni**

Bláskógabyggð hyggst selja húsnæðið sem BÁ hefur á leigu á Laugarvatni undir slökkvistöð, líklega mun það gerast á þessu ári. Pétur kynnti nokkrar hugmyndir að lausnum sem þarf að kostnaðarmeta og vinna áfram með.

Fleira ekki gert.  
Fundir slitið kl. 10:00